



12. desember 2022

## Stuðningur stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í desember 2022

Til að liðka fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér fyrir aðgerðum til að styðja við markmið samninganna um að verja kaupmátt og lífskjör launafólks og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum, lækkun verðbólgu og vaxta.

Aðgerðir stjórnvalda styðja enn frekar við lífskjör lág- og millitekjufólks með markvissum aðgerðum í húsnæðismálum og auknum stuðningi við barnafjölskyldur. Áhersla er á fjölgun íbúða og áframhaldandi uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu með auknum stofnframlögum auk endurbóta í húsnæðisstuðningi. Þá verður unnið að bættri réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda. Barnabótakerfið verður einfaldað og stuðningurinn aukinn verulega sem fjölga mun barnafjölskyldum sem fá barnabætur.

Þá munu stjórnvöld vinna á samningstímabilinu með aðilum að því að kanna grundvöll umbóta á ýmsum þáttum er varða m.a. heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í íbúðarhúsnæði og afkomutryggingu í fæðingarorlofi, atvinnuleysistryggingum og ábyrgðasjóði launa auk málefna vinnustaðanámssjóðs.

Til að styðja við markmið um lækkun verðbólgu verður stuðningur veittur til að auka aðhald á neytendamarkaði með því að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um þróun verðlags og skapa þannig hvata fyrir fyrirtæki til að halda aftur af verðhækkunum.

Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi eða beita sér að öðru leyti fyrir eftirfarandi aðgerðum:

### Húsnæðismál:

#### **Fjölgun nýrra íbúða :**

- Með rammksamkomulagi ríkis og sveitarfélaga til næstu 10 ára er sett fram sameiginleg sýn um uppbyggingu íbúða til að mæta íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins og stuðla að auknum stöðugleika á húsnæðismarkaði. Áætlað er að byggja þurfi 35 þúsund íbúðir á næstu 10 árum. Það er sameiginleg sýn ríkis og sveitarfélaga að 30% nýrra íbúða verði hagkvæmar á viðráðanlegu verði og 5% félagslegar. Stjórnvöld munu í samningum við einstök sveitarfélög á grundvelli rammksamningsins hafa að markmiði að auka lóðaframboð ásamt því að veita nauðsynlegan fjárstuðning til að tryggja íbúðauppbyggingu.

#### **Fjölgun almennra íbúða:**

- Áfram verður unnið að öflugri uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu sem er mikilvægur liður í að tryggja húsnæðisöryggi tekjulægri heimila.

- Stofnframlög ríkisins til að auka framboð íbúða á viðráðanlegu verði í almenna íbúðakerfinu verða samtals 4 milljarðar á árinu 2023.

### **Betri húsnæðisstuðningur:**

- Húsnæðisbætur til leigjenda hækka um 13,8% í upphafi árs 2023 til samræmis við þróun verðlags undanfarin ár. Þá hækka tekjuskerðingarmörk húsnæðisbóta um 7,4% frá sama tíma.
- Eignaskerðingarmörk í vaxtabótakerfinu hækka um 50% í upphafi árs 2023.
- Almenn heimild til nýtingar á séreignarsparnaði til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða ráðstöfunar inn á höfuðstól verði framlengd til ársloka 2024.
- Á samningstímanum verði fyrirkomulag sérstaks húsnæðisstuðnings og húsnæðisbóta til leigjenda tekið til skoðunar með það að markmiði að tryggja jafnræði og einfalda kerfið fyrir leigjendur. Þessi skoðun verði gerð í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

### **Bætt réttarstaða og húsnæðisöryggi leigjenda:**

- Aðilar vinnumarkaðarins fá aðkomu að starfshópi innviðaráðherra sem vinnur að endurskoðun húsaleigulaga til að bæta réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda.

### **Barnabætur:**

- Barnabótakerfið verður einfaldað, stuðningur við barnafjölskyldur efldur, fjölskyldum sem njóta stuðnings fjölgað, dregið úr skerðingum, jaðarskattar af völdum barnabóta lækkaðir og skilvirkni og tímanleiki bótanna aukinn.
- Teknar verða upp samtímagreiðslur barnabóta þannig að biðtími eftir barnabótum verði aldrei lengri en 4 mánuðir eftir fæðingu barns.
- Heildarfjárhæð barnabóta verður 5 milljörðum hærri en í óbreyttu kerfi á næstu tveimur árum.

### **Önnur mál sem unnið verður að á samningstímanum:**

- Veittur verður 10 milljóna króna viðbótarstuðningur á árinu 2023 til að auka aðhald á neytendamarkaði.
- Skoðaðar verða leiðir til að auðvelda lífeyrissjóðum að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði til útleigu með því að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga í

leigufélögum í samráði fjármála- og efnahagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, lífeyrissjóða, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

- Mat verði lagt á greiðslur og hámarksfjárhæðir í Fæðingarorlofssjóði og Ábyrgðasjóði launa með það að markmiði að þær verði endurskoðaðar á árinu 2024. Þá munu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins sameiginlega leggja mat á tekjuöflun og ráðstöfun tryggingagjaldsins með það að markmiði að tryggja langtímajafnvægi í fjármögnun þeirra réttinda sem það stendur undir í Ábyrgðasjóði launa, Fæðingarorlofssjóði, starfsendurhæfingarsjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði.
- Nefnd um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga með aðkomu aðila vinnumarkaðarins ljúki vinnu sinni eigi síðar en í lok apríl 2023 og unnið verður að innleiðingu á umbótum á atvinnuleysistryggingakerfinu á samningstímanum í samræmi við tillögur nefndarinnar.
- Málefni og fjármögnun vinnustaðanámssjóðs verði tekin til endurskoðunar í tengslum við gerð fjármálaáætlunar á árinu 2023 til að styðja við markmið um aukið vægi starfsnáms.